


HUGUR OG HÖND

RIT HEIMILISIDNAÐARFÉLAGS ÍSLANDS 2009



Þverskurður

35 ára afmælissýning Textílfélagsins

Ljósmyndir Vilhelm Gunnarsson



Nýleg verk félagskvenna sýndu þá miklu fjölbreytni sem einkennir textillist.

Textílfélagið fagnar 35 ára afmæli á ári sem markast af endurmati á ýmsum gildum og verðmætum þjóðarinnar. Áhugi meðal fólks á textílvinnu er engu líkur, sjaldan hefur jafnmikið verið þrjónað og á þessum tímum dalandi hagsældar. Íslenska ullin er á allra höndum, ánægjan að skapa, að nýta og njóta er viðurkennd og almenn. Eftir áralanga naumhyggju þyrstir okkur í liti, áferðir og fjölbreytni. Handverkið lifir með okkur, við tjáum okkur á ólíkan og fjölbreyttan máta, sköpunarþörfin knýr okkur áfram og mótar verkin.


Þráðlistin, textíllinn, sem var lífsnauðsyn fyrr á tímum var tjáningarmáti þeirra myndlistarkvenna sem sýndu á vegum Textílfélagsins í Gerðarsafni í febrúar 2009. Á sýningunni var ætlunin að sýna þá miklu fjölbreytni sem einkennir félagsmenn Textílfélagsins og kynna notkun handverksins, bæði í hönnun og myndlist. Verkin sýndu þverskurð allt frá einstökum verkum til fjöldaframleiðslu og samstarfsverkefna. Aðferðir voru fjölbreyttar: vefnaður, þæfing, þrjón, þrykk og blönduð tækni.

Félaginu var sérstök ánægja að sýna verk sex heiðursfélaga Textílfélagsins, en þær eru Ásgerður Búadóttir, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, Guðrún

Marínósdóttir, Hólmfríður Árnadóttir, Hulda Jósefsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir. Nánar er vikið að verkunum í textum við myndir af þeim.


Á síðustu öld varð mikil breyting á vefnaðarlist og hannyrðum hér á landi. Vegferð þessara fornu listgreina til nútímans hófst með því að listamenn, einkum konur, með langt listnám að baki fóru jafnhliða öðrum listgreinum að vinna þráðlistaverk af ýmsu tagi. Meðal þeirra voru Barbara Árnason, Júlíana Sveinsdóttir og Vigdís Kristjánsdóttir. Aðrir beindu listgáfu sinni að munsturgerð og textílhönnun líkt og Valgerður Briem. Til að minnast sköpunar þessara kvenna fengu gestir einnig notið verka þeirra á sýningunni.

Upplýsingar um Textílfélagið má finna á vefsíðunni **www.tex.is**



Júlíana Sveinsdóttir er einn af frumkvöðlum textillistar á Íslandi. Hér sjást verk hennar.


Heiðursfélagar Textílfélagsins



Ásgerður Búadóttir er listvefari á heims-mælikvarða og meðal helstu listamanna okkar Íslendinga. Loftkenndar röggvar úr hrosshárum mynda lifandi mótvægi við sléttofin vefinn í verkum hennar. Þótt list Ásgerðar sé í eðli sínu óhlutbundin eru mörg verka hennar sprottin af náttúruminum.




Sigríður Halldórsdóttir sýndi íslenskan spjaldvefnað, vefgerð sem á sér langa hefð og sögu sem rekja má til árdaga textíllistar. Hún hefur unnið afar merki-legt starf við að rannsaka, skrá og kenna hefðbundna textílvinnu: tóvinnu, vefnað og bandagerð og hefur ritað fjölda greina um íslenska textíla og handavinnu.




Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá vinnur verk þar sem hún spyrðir saman ólík efni: ull, plexigler og letur. Ullina notar hún lítt eða óunna, teflir saman andstæðum: léttleiki og gagnsæi, mjúkt og hart, lifandi og dauðt. Ullina notar hún eins og auða ör, skrifar með eigin hendi ýmsa texta svo sem ljóðabrot og örnefnarunur.



Hulda Jósefsdóttir sýndi þrjónahönnun. Flíkur hennar bera vott um einstaka næmni í notkun ullarinnar. Samspil sauðalita, þrjónaáferða og forma gefa flíkunum þrívíddaráhrif sem eru afar myndræn og tímalaus.



Hólmfríður Árnadóttir er fyrsti prófessor okkar í textílfraeðum. Hún hefur þá sérstöðu að vera frumkvöðull í að vinna textílvörk úr pappír sem hún klippir saman. Pappírinn meðhöndlar hún á sérstakan hátt til að ná fram textílaferð og lítur eins og um klæði væri að ræða.



Guðrún Marínósdóttir hefur á seinni árum unnið verk úr hrosshári og vír eftir aldagamalli hefð sem byggir á að nota mannhár í festar, ólar og myndverk. Hún hefur endurvakið einstakt handbragð í létt og loftkennd vírblóm og hrosshársverk unnin með þessari tækni.